

## Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 191/2015 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Aðalheiði I. Þorsteinsdóttur frá utanríkisráðuneyti og Kjartan Ingvarsson frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 191/2015, frá 10. júlí 2015, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/99/EB frá 19. nóvember 2008 um vernd umhverfisins með refsíákvæðum. Sex mánaða frestur samkvæmt EES-samningnum til að aflétta stjórnskipulegum fyrirvara var veittur til 10. janúar 2016. Framsetning tillögunnar telst að mati nefndarinnar í samræmi við 4. gr. reglna um þinglega meðferð EES-mála.

Tilskipun 2008/99/EB felur í sér að aðildarríki skulu setja refsíákvæði í þeim tilgangi að vernda umhverfið með árangursríkari hætti. Aðildarríkjum ber að tryggja að viðurlög við brotum séu áhrifarík, í samræmi við brotin og hafi varnaðaráhrif. Þá telst sú háttsemi sem tiltekin er í gerðinni refsiverð ef hún er ekki í samræmi við lög og reglugerðir og framin af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Ólögmetar athafnir eru þannig refsiverðar en einnig tiltekið athafnaleysi sem felur í sér alvarlega vanrækslu. Þá er hlutdeild í brotum refsiverð og tryggja skal að lögaðilar geti hlotið refsingu fyrir brot sem forsvarsmenn þeirra bera ábyrgð á. Tilskipunin kveður einungis á um hvers konar umhverfisbrot skuli refsiverð, hverjir skuli bera refsíábyrgð og hvers konar þátttaka í brotum skuli refsiverð. Aftur á móti ber að tryggja að viðurlög séu áhrifarík, í samræmi við brotin og hafi varnaðaráhrif.

Refsilöggjöf er ekki hluti af EES-samningnum. Því er í aðlögunartexta m.a. lýst yfir að upptaka gerðarinnar hafi ekki fordæmisgildi hvað varðar aðra löggjöf sem innihaldi refsíákvæði. Jafnframt er gerð aðlögun varðandi þær gerðir sem vísað er til í viðauka við gerðina og ekki hafa verið felldar inn í EES-samninginn.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á breytingu á lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Kveða þarf á um og útvíkka refsíábyrgð lögaðila, einkum á sviði almennrar náttúruverndar, til að koma á sams konar kerfi og kveðið er á um í tilskipuninni. Tilgreina þarf í lögnum í hvaða tilvikum athafnaleysi, þ.e. alvarleg vanræksla, getur leitt til refsíábyrgðar á sama hátt og t.d. ólögmet losun mengunarefna. Þá þarf að meta hvort gera þurfi breytingar á samstarfi umhverfisyfirvalda, lögreglu og ákærvalds þegar um refsiverð umhverfisbrot er að ræða. Loks þarf að auka bolmagn til eftirfylgni refsiverðra umhverfisbrota, útfæra löggjöf, reglugerðir og verkferla nánar auk þess sem fjárveitingu þarf til lögreglu til að unnt sé að rannsaka þau brot sem tilkynnt er um í samræmi við markmið tilskipunarinnar.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt**.

Elín Hirst og Karl Garðarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. febrúar 2016.

Hanna Birna Kristjánsdóttir,  
form.

Steinunn Þóra Árnadóttir,  
frsm.

Frosti Sigurjónsson.

Óttarr Proppé.

Silja Dögg Gunnarsdóttir.

Vilhjálmur Bjarnason.

Össur Skarphéðinsson.